| Nr.: GAT-045 | Verkmenntaskólinn á Akureyri |
|---|---|
| Útgáfa: 07 | |
| Dags.: 08.04.2010 | |
| Höfundur: GLÁ | Áfangaheiti BRA 702 |
| Samþykkt: HJS | Kennsluáætlun 5. Önn 2011 |
| Síða 1 af 1 | |

| Kennari | Bragi Finnbogason | Sk.st. | BFI |
|---|---|---|---|

**Áfangalýsing:**

Farið yfir rafkerfi ökutækja: leiðslukerfi, hlutakerfi, íhluti og varbúnað. Æfingar í meðferð mæli- og prófunartækja og leit að prófunar- og viðgerðaupplýsingum. Verkefni í kerfisbundnum aðferðum við bilanaleit og úrlausnum vegna bilana og í skyndiviðgerð þar sem við á. Farið yfir reglugerðarákvæði um rafbúnað.

**Markmið:**

Nemandi þekki, til rafkerfa ökutækja: leiðslukerfa, hlutakerfa, helstu íhluta og varbúnaðar
Nemandi geti, beitt kerfisbundnum aðferðum við leit að bilunum í rafbúnaði. Lýst rafkerfum ökutækja, virkni einstakra hluta í rafkerfum og fundið þá í ökutækjum. Leitað sér upplýsinga um rafbúnað í viðgerðarbókum og öðrum upplýsingagögnum. Notað fjölsviðsmæla við mat á rafbúnaði. Lesið og túlkað einföld tákn af sveiflusjá m.a. merki frá skynjurum. Notað skanna til að lesa upplýsingar frá stjórntölvu hreyfils.

**Námsgögn:**

Modern Automotive Technology 1. Útg. 2006.

Reglugerð um gerð og búnað ökutækja, nr. 822/2004.
Tækni upplýsingar framleiðenda. Verkefnablöð kennara.

**Áætlun um yfirferð:**

Nemendum kynnt námsefni lotunnar. Farið yfir helstu þætti rafkerfa ökutækja, sérstök áhersla lögð á virkni og samspil hinna ýmsu íhluta. Nemendur vinna nokkur verkefni sem reynir á læsi og skilning rafkerfisteikninga. Næstu tvö verkefni felst í því að nemendur vinna verkefni sem eru verkleg bilanaleit þar sem lestur tækniupplýsinga er nauðsynlegur. Prófið er svo athugun á læsi tækniupplýsinga.

**Verkefni:**

Verkleg verkefni, tímaverkefni og lokapróf.

**Námsmat og vægi námsþátta:**

Próf og tímaverkefni 40% Verkefni 40% Ástundun 20%

**Annað:**

90% viðvera í kennslustundum er forsenda þess að nemandi fái að stunda nám í áfanganum, fari nemandi undir þau mörk er litið svo á að hann hafi sagt sig úr áfanganum.
Sé nemanda vísað úr áfanganum vegna fjarvista getur hann aðeins sótt um heimild hjá kennara til að taka próf og halda áfram námi í áfanganum með framvísun vottorðs frá lækni eða viðlíka gagna. Verður sú umsókn að koma fram ekki síðar en sex dögum eftir að nemandi fór yfir fjarvistamörk. Áskilinn er réttur til breytinga á verkröð og öðrum þáttum.

Dagsetning:

Bragi Finnbogason

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils